

## REGLUR

### Súðavíkurhrepps um ferðapjónustu fatlaðra.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið ferðapjónustu fatlaðra er að gera fötluðum sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki og/eða eigin farartæki kleift að stunda atvinnu og nám, njóta tómsunda og sækja þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega, s.s. hæfingu og endurhæfingu.

2. gr.

*Réttur til þjónustunnar.*

Ferðapjónusta fatlaðra er ætluð fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem eru:

- a) Bundnir hjólastól.
- b) Blindir.
- c) Ófærir um að nota almenningsfarartæki og/eða eigin farartæki vegna annarrar fötlunar.

3. gr.

*Afgreiðsla og mat umsókna.*

Sækja skal um ferðapjónustu fatlaðra hjá félagsmálastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Skal hún metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika. Ákvörðun um þjónustu er hægt að skjóta til félagsmálanefndar Súðavíkurhrepps.

4. gr.

*Gjaldskrá.*

Ekki er greitt fyrir ferðir til að sækja sérhæfða þjónustu við fatlaða, svo sem hæfingu, endurhæfingu og tómsundir fatlaðra. Fyrir aðrar ferðir svo sem til og frá vinnu og skóla er greitt samkvæmt gjaldskrá almenningsfarartækja.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, voru samþykktar í félagsmálanefnd Súðavíkurhrepps þann 17. september 2008 og í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þann 9. október 2008, öðlast þegar gildi.

*Súðavík, 20. október 2008.*

**Ómar Már Jónsson** sveitarstjóri.